


Gmail flokkar tilkynningapósta sem rusl eða setur í promotions/auglýsinga flipann


Eitthvað hefur borið á því að póstar frá okkur í Siðmennt sem halda utan um undirbúning BF hafi ekki alltaf skilað sér til allra. Þegar við sendum pósta á mjög marga notum við póstlistaforritið Mailchimp til þess að senda póstana. Það er þó einn galli á þessu fyrirkomulagi og það er að þeir viðtakendur sem nota gmail láta okkur ótt og títt vita að þeir hafi jafnvel aldrei fengið neinar tilkynningar frá okkur. Það er stór bömmur svo ekki sé meira sagt.

Það sem veldur því er að gmail flokkar pósta sendan úr kerfum mailchimp annað hvort sem ruslpóst eða sem auglýsingar/promotions og setur því póstin í þann flipa á gmail.com (og í gmail snjallasímaappinu). Þannig fara þessir póstar oft framhjá fólki sem skoðar sjaldan þennan flipa. Þegar þetta gerist sendir gmail aldrei nein notifications og póstar í promotions "týnast" því auðveldlega (þeir eru þó allir þar og þeim er ekki eytt nema fólk eyði þeim sjálf). Svona líta þessir flipar út á gmail.com.

Með gmail.com stillt á ensku:




Með gmail.com stillt á íslensku:



Það er þó til lausn við þessu og hægt að „kenna“ gmail að setja ekki pósta frá okkur í þann flipa og setja þá sjálfkrafa í „Primary“ flipann þess í stað.

1. Það er gert með því að fara á gmail.com (held að þetta sé ekki hægt í appinu), hægri smella á póstin þar sem hann er í promotion/auglýsinga flipanum og gera Move to tab > Primary



2. Þá birtist svona skilaboð efst á líka og þessi gluggi og þá er mikilvægt að smella á **Yes** við spurninguna Do this for future messages from ...?



Í 1. skrefinu er líka hægt að smella á póstin og draga póstin yfir í primary flipann. Þá kemur einnig upp spurningin í 2. skrefinu sem þarf svo að merkja já við til að festa breytinguna.

Svo auðvitað ef þið notið annað netfang en gmailið að staðaldri (t.d. vinnuemail) er hægt fyrir ykkur líka að nota það og láta okkur senda tilkynningar þangað einnig.

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar.

kv,
Þorsteinn
steini@sidmennt.is